

gæti vitnisburðurinn orðið vitninu til óhags í viðskiftum þess við meðstefnda, eða aðra, sem við mál þetta kynnu að vera riðnir.

Það verður samkvæmt þessu að telja rétt, að mótmæli vitnisins Þórarins Guðmundssonar voru af héraðsdómaranum tekin til greina, og ber því að staðfesta hinn áfrýjaða úrskurð.

Málskostnað fyrir yfirdómi þykir áfrýjandi eftir þessum úrslitum eiga að greiða hinum stefnda, Stefáni Th. Jónssyni, og ákveðst hann 20 krónur.

Því dæmist rétt vera:

Hinum áfrýjaða úrskurði skal óraskað. Afrýjandi, L. M. Diechmann, greiði stefnda, Stefáni Th. Jónssyni, 20 kr. í málskostnað fyrir yfirdómi, er lúkist áður liðnar séu 8 vikur frá löglegri birtingu dóms þessa að viðlagðri lagaðför.

Mánudaginn 18. desember 1916.

Nr. 4/1916.

J. D. Nielsen fyrir hönd
h/f. Verzlunin Einarshöfn
gegn

Þorleifi Guðmundssyni og
Sigurði Ísleifssyni.

Dómur:

Mál þetta höfðu hinir stefndu, Þorleifur Guðmundsson bóndi í Þorlákshöfn og Sigurður Ísleifsson trésmiður á Eyrarbakka fyrir sjórétti Árnassýslu gegn J. D. Nielsen verzlunarstjóra á Eyrarbakka fyrir hönd h/f. Verzlunin Einarshöfn sama staðar til greiðslu á skaðabótum fyrir skemdir á vélbátum »Höfrungur«, eign hinna stefndu, er þeir töldu að téð hlutfélag bæri ábyrgð á. Lauk máli þessu með dómi nefnds réttar, uppkveðnum 29. nóvbr. f. á., á þá leið, að áfrýjandi, J. D. Nielsen f. h. verzlunarinnar Einarshöfn, var dæmdur til að greiða hinum stefndu 4655 kr. 46 aura að frádregnu andvirði vélbátsins »Höfrungs«, eins og það yrði ákveðið eftir að hann sökk og skemdist aðfaranótt 27. ágúst 1914, eftir mati óvilhallra manna, ásamt 5% ársvöxtum frá stefnudegi til borgunardags, og var málskostnaður látinn falla niður.

Þessum dómi hefir áfrýjandi, J. D. Nielsen f. h. verzlunarinnar Einarshöfn, skotið til yfirdómsins með stefnu dags. 11. jan. þ. á., og krafist að dómnum verði hrundið og breytt þannig, að hann, f. h. hlutfélagsins, verði algerlega sýknaður af kröfu stefnda, eða til vara að hann verði sýknaður gegn því að greiða andvirði uppskipunarbáts þess, er ræðir um í málinu. Svo hefir hann krafist málskostnaðar fyrir undirrétti og yfirdómi eftir mati yfirdómsins.

Af annari hálfu hafa hinir stefndu, Þorleifur Guðmundsson og Sigurður Ísleifsson, gagnáfrýjað málinu með stefnu dags. 20. maí þ. á. og krefjast þeir

inngjafablað dómur:

Þess, að dómnum verði breytt þannig, að kröfur þeirra fyrir sjóréttinum verði að öllu leyti teknar til greina, sérstaklega að stefndi verði dæmdur til að greiða þeim 5793 kr. 78 aur. að frádregnu andvirði vélbátsins, en til vara krefjast þeir, að sjóréttardómurinn verði staðfestur; loks krefjast þeir, að þeim verði dæmdur málskostnaður fyrir sjóðómi og yfirrétti eftir mati yfirréttarins.

Tildrög máls þessa eru þau, að aðfaranótt hins 27. ágúst 1914 sökk vélbáturinn »Höfrungur«, eign stefndu, á höfninni í Þorlákshöfn. Daginn eftir skaut vélbátnum upp, en þá var vélin horfin úr honum og báturinn mjög brotinn, svo vafasamt þykir, að kostnaði svari að gera við hann. Er skemdunum á bátnum lýst svo, að hann hafi verið brotinn frá og með næst efsta borði byrðingsins að aftan og svo á snið niður fram eftir bátnum fram til miðs og þar niður úr. Halda stefndu því nú fram, að þessar skemdir á bátnum stafi af því, að verkamenn verzlunarinnar Einarshöfn, er þá unnu að útskipun í Þorlákshöfn fyrir verzlunina, hefðu um kvöldið í algerðu heimildarleysi fest uppskipunarbát, er verzlunin átti, aftan í vélbátinn. Um nóttina hvesti og gerði ósjó, og telja stefndu, að uppskipunarbáturinn muni hafa rekist á vélbátinn og höggvið gat á hann, og hann þess vegna sokkið. Halda þeir því og fram, að eftir að vélbáturinn var sokkinn, muni uppskipunarbáturinn hafa lyft vélbátnum frá botni, og við það hefði hann brotnað enn meir en annars hefði orðið. Vélbáturinn var nýsmíðaður og telja stefndu, að hann hafi kostað þá kominn til Þorlákshafnar

5793 kr. 78 a. Líta þeir nú svo á, að skaði sá, er þeir hafa orðið fyrir við tap bátsins, stafi frá hinu ólögmeta verki starfsmanna verzlunarinnar, og að henni beri því að bæta þeim skaða þeirra, það er, greiða þeim andvirði bátsins að frádæginni þeirri upphæð, er bátsflakið yrði metið af óvilhóllum mönnum.

Áfrýjandi telur hins vegar, að verzlunin Einarshöfn beri enga ábyrgð á slysi þessu, fyrst og fremst af því, að formaður þeirra manna, er verzlunin sendi til Þorlákshafnar til að vinna að útskipuninni, hafi snúið sér til annars eiganda vélbátsins, Þorleifs Guðmundssonar, og fengið skilyrðislaust leyfi hans til að festa uppskipunarbátinn um nætur aftan í vélbátinn, til þess ekki þyrfti að setja uppskipunarbátinn á land. Samkvæmt þessu leyfi hafi uppskipunarbáturinn á kvöldin verið bundinn aftan í vélbátinn, þangað til hann sökk á 3ju nóttu, er óveðrið gerði um nóttina milli 26. og 27. ágúst. Telur áfrýjandi, að með því formaðurinn hafi fengið þetta leyfi hjá Þorleifi, þá sé þar með eftir almennum skaðabótareglum loku fyrir það skotið, að velt verði ábyrgðinni af því, að vélbáturinn sökk, yfir á hlutafélagið, og það enda þótt þessi aftanifesting hefði valdið slysinu.

Í annan stað neitar áfrýjandi því eindregið, að skemdirnar á vélbátinum geti á nokkurn hátt stafað af því, að uppskipunarbátinum var fest aftan í hann. Skýrir hann frá, að uppskipunarbáturinn hafi verið festur í vélbátinn með hér um bil 4—5 faðma langri festi, og sé það því ómögulegt, að uppskipunarbáturinn hafi getað nálgast vélbátinn til muna og því síð-

ur rekist á hann, enda beri skemdirnar á vélbátnum þess ljósan vott, að svo hafi ekki verið. Ef uppskipunarbáturinn hefði rekist á vélbátinn, hefði stefni hans hlotið að rekast á hann að ofan, en hvorki þar né annarsstaðar sjáist nokkur merki um árekstur. Á uppskipunarbátnum sjáist ekkert, hvorki á stefni hans né annarsstaðar, og sé þetta þó 30 ára gamall bátur og feyskinn. Borðin í vélbátnum fyrir ofan þyljur séu óskemd, svo og efsta borð byrðingsins. Heldur áfrýjandi því enn fremur fram, að það hafi heldur ekki getað átt sér stað, þar sem festin var 4—5 faðma löng, að uppskipunarbáturinn hafi getað losað vélbátinn frá botni og þannig valdið skemdum á honum.

Til sönnunar því, að Þorleifur hafi gefið leyfi til þess, að festa uppskipunarbátinn aftan í vélbátinn, hefir áfrýjandi leitt vitni. Formaður útskipunarinnar, Jón Ásbjörnsson, hefir borið það sem vitni, og unnið eið að, að hann hafi í viðurvist annars manns, Lofts Arasonar, beðið Þorleif um umgetið leyfi til að festa uppskipunarbátnum aftan í vélbátinn, og að Þorleifur hafi leyft það skilyrðislaust. Nefndur Loftur Arason hefir og verið leiddur sem vitni, og hefir hann borið það og staðfest með eiði, að hann hafi verið viðstaddur, er Jón Ásbjörnsson bað Þorleif um leyfið, og að hann hafi veitt það skilyrðislaust. — Þá hafa 3 vitni borið, og unnið eið að skýrslu sinni, að þegar Jón Ásbjörnsson hafi gefið skipun um að festa uppskipunarbátnum aftan í vélbátinn, hafi Þorleifur staðið þar hjá án þess að andmæla því, og bera vitnin, að þau geti eigi efast um, að Þorleifur

hafi heyrt það, og eitt vitnið tekur það fram, að Þorleifur hafi staðið nær Jóni Ásbjörnssyni en það.

Stefndur Þorleifur Guðmundsson neitar því afdráttarlaust, að hann hafi gefið umgetið leyfi og að hann hafi heyrt Jón Ásbjörnsson gefa þessa fyrirskipun, og neita stefndu því, að þessi vitnisburður hafi nokkurt sönnunargildi.

Framburði Jóns Ásbjörnssonar mótmæla stefndu af þeim ástæðum, að hann sé fastur starfsmaður áfrýjanda, og af því, að hann hafi framið hið ólögmæta verk — að festa uppskipunarbátnum aftan í vélbátinn —, hann sé því skadabótaskyldur gagnvart hlutafélaginu, og sé því í rauninni að bera vitni í sinni eigin sök. Og um hin vitnin segja stefndu, að þau eigi sammerkt í því, að þau öll hafi tekið þátt í hinu ólögmæta verki og séu áfrýjanda háð sem vinnuveitanda; þau séu því ekki fullgild vitni.

Þótt álita mætti, að Jón Ásbjörnsson, eftir stöðu sinni og afstöðu til málsins, geti ekki talist fullgilt vitni, styrkist framburður hans þó svo mjög við framburð Lofts Arasonar og við framburð hinna annara vitna, sem borið hafa, að Jón hafi að Þorleifi áheyrandi gefið skipun um að festa uppskipunarbátnum aftan í vélbátinn, að telja verður, að full sönnun sé fengin fyrir því, að Þorleifur hafi gefið hið umgetna leyfi, og skiftir það ekki máli, þótt Loftur Arason treysti sér ekki til að segja fyrir vist, hvert kvöldið af hinum þremur, er uppskipunarbátnum var fest aftan í vélbátinn, það var, að Þorleifur gaf leyfið, og um þetta vitni og hin þrjú er það að segja, að það hefir engin áhrif á vitnisburð þeirra, að þau við

nefnt tækifæri voru í vinnu hjá verzluninni Einarshöfn, og að sum þeirra unnu að því eftir skipun formannsins, að festa uppskipunarbátnum aftan í vélbátinn.

Þá halda stefndu því fram, að þótt Þorleifur hefði gefið umgetið leyfi, þá beri hlutafélagið engu að síður ábyrgð á slysinu og sé skaðabótaskyldt fyrst og fremst af því, að Þorleifur hafi ekki verið bær um á sitt eindæmi að gefa umrætt leyfi, og með því samþykki hins meðeigandans hafi vantað, hafi heimildin ekki verið í lagi, og í öðru lagi af því, að þar sem leyfi þetta eftir skýrslu áfrýjanda hafi átt að vera veitt án þess að nokkuð ætti að greiða fyrir það, verði hér að fara eftir þeim reglum, er gilda um lán.

Þessar röksemdir geta þó ekki komið til greina, með því að telja verður að formaður útskipunarinnar hafi haft næga ástæðu til að líta svo á, að Þorleifur hefði umboð eða heimild til að veita hið umbeðna leyfi, og hinar sérstöku reglur, er gilda um lán, geta ekki komið hér til greina, með því að vélbáturinn var eftir sem áður í vörslum stefnda Þorleifs Guðmundssonar.

Þá verður og að fallast á þá sýknunarástæðu áfrýjanda, að það sé ósannað að uppskipunarbáturinn hafi rekist á vélbátinn og hafi með því valdið því að hann sökk, þvert á móti verður að telja það ólíklegt að nokkur árekstur hafi átt sér stað, með því ekkert sá á uppskipunarbátnum og með því að vélbáturinn var óbrotinn að ofan. — Stefndu hafa að vísu lagt fram vottorð tveggja manna um, að efsta

borð byrðingsins sé marið og málning víða farin af, og liti út fyrir að skemdirnar hafi komið af árekstri á sjó, en þar sem vottorði þessu hefir verið mótmælt, en vottorðsgefendurnir hafa ekki verið látnir staðfesta það fyrir rétti, getur það ekki komið til álita.

Ástæðan til þess að vélbáturinn sökk, verður eftir því sem fyrir liggur miklu fremur að teljast sú, að hann hafi ekki þolað sjóganginn, enda eru framkomnir í málinu ýmsir vitnisburðir um það, að vélbáturinn hafi verið veigalítill. Byrðingur hans var úr $\frac{3}{4}$ þumlungs furuborðum, en eftir vottorði forstöðumanns dráttarbrautarinnar hér í bænum O. Ellingsen og skipasmiðs Otta Guðmundssonar, er fram hefir verið lagt í málinu, þarf byrðingur úr furu á súðbyrtum vélbát, álíka stórum og hér ræðir um, eftir gerð vélbáta hér á landi, að vera $1\frac{1}{4}$ þumlungs að þykt, svo að nógu sterkur sé til að leggja í sjó.

Með því samkvæmt framansögðu engin heimild er til þess að dæma verzlunina Einarshöfn til að greiða stefndu bætur fyrir skaða þann, er þeir hafa orðið fyrir við það, að vélbátur þeirra sökk og brotnaði aðfaranótt 27. ágúst 1914, ber að sýkna áfrýjanda af kröfum stefndu. — Eftir þessum úrslitum þykir rétt að stefndu greiði áfrýjanda málskostnað fyrir undirrétti og yfirdómi, er ákveðst 100 kr,

Þvi dæmist rétt vera:

J. D. Nielsen fyrir hönd h/f. Verzlunin Einarshöfn á að vera sýkn af kærnum og kröfum stefndu, Þorleifs Guðmundssonar og Sigurðar Ísleifssonar í máli þessu.

Stefndu greiði áfrýjanda 100 kr. í málskostnað fyrir undirrétti og yfirdómi.

Ídæmdur málskostnaður greiðist áður liðnar séu 8 vikur frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri lagaðför.